

LEYFISBRÉF FYRIR NÝNEMAFERÐ

Fimmtudaginn 30. ágúst verður farið í hina árlegu Nýnemaferð Tækniskólans. Farið verður frá Hafnarfirði kl. 13:00, Skólavörðuholti og Háteigsvegi kl. 13:30. Æskilegt er að allir nemendur mæti með farangurinn sinn í skólann að morgni, en boðið verður upp á að geyma farangurinn í húsnæði skólans. Heimkoma er áætluð kl. 13:00 föstudaginn 31. ágúst og verður hefðbundin kennsla það sem eftir er af föstudeginum.

Nýnemaferðin er hefð í Tækniskólanum og hefur haft það að markmiði að hrista saman nýnema svo þeir kynnist betur og myndi samheldinn hóp fyrir komandi ár.

Ferðin kostar 3000kr. Innifalið í verðinu er akstur, gisting, kvöldmatur, sundlaugapartý, skemmtidagskrá og morgunmatur.

Þátttakendur þurfa að hafa með sér föt eftir veðri, svefnpoka/sæng, kotta, dýnu/vindsæng, sundföt og svo er öllum frjálst að koma með snarl til að hafa í rútunni og/eða um kvöldið.

Ef spurningar vakna er hægt að hafa samband við Þorvald Guðjónsson, félagsmálafulltrúa í gegnum tölvupóst: valdi@tskoli.is eða í síma 6983857.

Með undirskrift forráðamanns er nemandi gefið leyfi til þess að fara í nýnemaferðina. Allar ferðir og skemmtanir á vegum skólans eru áfengis- og vímuefnalausar. Verði nemendur uppvísir að drykkju eða vímuefnaneyslu verður hringt í foreldra og þeir látnir sækja börnin sín eða þau send heim á eigin kostnað.

Nafn nemenda og kennitala

Undirskrift forráðarmanns

Dagsetning